



Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn Iceland s: 464-4163 f. 464-4363, netf. gudrunm@myv.is

Fundargerð Skólanefnd

18.fundur

Skólanefndarfundur haldinn í Reykjahlíðarskóla mánudaginn 6.maí 2013

Mætt voru: Þuríður Helgadóttir formaður, Þórhalla Valgeirsdóttir, Ásdís Jóhannesdóttir, Arnfríður Jónsdóttir og Friðrik Jakobsson. Auður Jónsdóttir fulltrúi kennara og Sólveig Jónsdóttir skólastjóri sátu lið 2. Sigríður Sigmundsdóttir sem fulltrúi foreldra sat lið 2,3 og 4. Þóra Ottósdóttir leikskólastjóri sat lið 3. Ingibjörg Hjördís Einarsdóttir skólastjóri tónlistarskóla sat lið 4.

1. **Fundarsetning.** Formaður bauð fundarmenn velkomna það um sjálfbóðaliða sem fundarritara sem endaði á hendi formanns.
2. **Reykjahlíðarskóli.**
 - a. **Skólaárið 2013-2014.** Sólveig leggur til að skipulag kennslu og akstur verði með svipuðu fyrirkomulagi og skólaárið 2012-2013. Tillögur að fyrirkomulagi fylgir í fylgiskjali. Ekki er gert ráð fyrir að breytingar verði á stafslíði skólans að öðru leiti en því að annar skólaliðinn hefur sagt upp störfum. Reiknað er með breytingum á starfshlutfalli skólaliða. Skólanefnd gerir ekki athugasemdir við tillögur skólastjóra. Skólastjóri fór yfir skóladagatalið og sagði frá því að ef skólanefnd samþykkir tvöfalda skóladaga er það leyfilegt. Inni á skóladagatali eru settir inn skóladagar 3.janúar og þriðjudaginn eftir páska 22.apríl og gerir skólanefnd ekki athugasemdir við það.
 - b. **Útleiga skólans.** Ekki eru til reglur um útleigu skólans. Skólastjóri óskar eftir því að skólanefnd útbúi þær eða gera tillögu að þeim. Skólanefnd leggur til,

þar sem þetta tengist ekki innri starfsemi skólans, að sveitastjórn marki þessar reglur.

- c. **Annað.** Í haust verða 20 ár síðan Reykjahlíðarskóli var tekinn í notkun. Skólanefnd leggur til að haldinn verði afmælisdagur á haustdögum með dagskrá frá núverandi og jafnvel fyrirverandi nemendum og öðru starfsmönnum ásamt veisluföngum að einhverju tagi. Gerð var könnun um líðan nemenda í október og svo aftur í mars. Sigríður kynnti niðurstöður þessara kannanna.

3. Leikskólinn Ylur

- a. **2013** Þóra gerði grein fyrir barnafjölda nú og næstu mánuði. Tvö börn hætta nú í vor og eitt eins árs tekið inn, en 3 eins árs börn bíða þar til eftir sumarleyfi. Sumarleyfi starfsmanna dreyfast vel og ekki víst að þurfi að fá afleysingafólk fyrr en kannski með haustinu. 6 starfsmenn eru starfandi við leikskólann og þar af tveir menntaðar leikskólakennarar. Samkvæmt námsvísi þekkinganets þingeyinga fyrir næsta haust er gert ráð fyrir fagnámskeiði fyrir starfsfólk leikskóla og leggur skólanefnd til að sveitafélagið hlutist til um að ófaglært starfsfólk leikskólans taki þátt í þessu námskeiði. Skoðað verður með að samræma starfsdaga leikskóla og skóla.

4. Tónlistarskólinn

- a. Aukning var á nemendafjölda frá haustinu. Bóas getur ekki verið lengur en til 10.maí. Hjördís gerir ráð fyrir því að hún taki að sér að kenna þá tíma sem uppá vantar hjá nemendum Bóasar þessa viku sem uppá vantar. Bóas mun ekki gefa kost á áframhaldandi vinnu næsta vetur þar sem hann er að fara í nám.

5. Skólastefna sveitarfélagsins.

Málið rætt og verður haldið áfram að skoða texta og gera kláran fyrir næsta fund.

Fleira ekki bókað. Fundi slitið kl.17:30